

Þriðjudaginn 14. október 1997.

Nr. 17/1997.

**Alþýðusamband Íslands f.h.
Verkamannasambands Íslands vegna
Verkavennafélagsins Framsóknar og
Verkamannafélagsins Dagsbrúnar**

(Atli Gíslason hrl.)

gegn

Reykjavíkurborg og

(Hjörleifur Kvaran hrl.)

Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar

(Gestur Jónsson hrl.)

og gagnsök

Kjarasamningur. Forgangsréttur. Gagnkrafa. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ.m., var höfðað með stefnu, þingfestri 18. sept. sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensásvegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50 c, Reykjavík, vegna Verkavennafélagsins Framsóknar, kt. 560169-1679, Skipholti 50 a, Reykjavík og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, kt. 500169-4949, Skipholti 50 d, Reykjavík.

Stefndu eru Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, Reykjavík og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

A. Á hendur Reykjavíkurborg.

1. Að félagsmenn Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa við ræstingar í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

2. Að félagsmenn Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa við kaffi-umsjón í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

3. Að félagsmenn Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa matráðs-

kvenna í mötuneytum í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla í Reykjavík.

4. Að Reykjavíkurborg hafi með kjarasamningi, dags. 15. júlí 1997, við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða við ræstingu, kaffiumsjón og störf í mötuneytum brotið gegn grein 6.1. í aðalkjarasamningi Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og annarra sambandsfélaga við Vinnuveitendasambandið og Vinnumálasambandið, dags. 24. mars 1997, sbr. 7. gr. kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Verkakvennafélagsins Framsóknar, dags. 16. mars 1995, upphafsákvæði kjarasamnings milli Reykjavíkurborgar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, dags. 21. febrúar 1995, og 1. gr. kjarasamnings milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997.

5. Að Reykjavíkurborg hafi með kjarasamningi, dags. 15. júlí 1997, við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða á samningssviði Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, sbr. kröfuliði A. 1, 2 og 3, brotið gegn:

- a. 3. gr. laga nr. 80/1938.
- b. 4. gr. laga nr. 80/1938.
- c. 5. gr. laga nr. 80/1938.

6. Að kjarasamningur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, gildi um störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

7. Að Reykjavíkurborg verði dæmd til greiðslu sektar fyrir brot á lögum nr. 80/1938, sbr. 70. gr. laga nr. 80/1938.

8. Til vara, að kjarasamningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, sé úr gildi fallinn.

9. Til þrautavara, að kjarasamningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar, dags. 24. mars 1997, hvað varði störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 sé úr gildi fallin.

B. Á hendur Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar:

1. Að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, dags. 15. júlí 1997, sé ógildur hvað varði störf sem Verkakvennafélagið Framsókn og Verkamannafélagið Dagsbrún hafi forgangsrétt til samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3.

2. Að Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dómkröfur stefnda Reykjavíkurborgar:

Stefndi Reykjavíkurborg krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar:

Í aðalsök er þess krafist að sýknað verði af dómkröfum stefnanda.

Í gagnsök er þess krafist að Félagsdómur dæmi að samkomulag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí 1997 um ný störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur sé gilt og sé ekki brot gegn forgangsréttarákvæði í grein 6.1. í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitandasambands Íslands frá 24. mars 1997.

Í báðum tilvikum er þess krafist að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, þ.m.t. kostnaður af virðisaukaskattskyldu lögmannspjónustu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dóminum:

Hildur Hafstað skólastjóri Engjaskóla, Jón G. Kristjánsson starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar, Sjöfn Ingólfssdóttir formaður starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og Ólafur Darri Andrason forstöðumaður rekstrarsviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Málavextir.

Allt frá árinu 1942 hafa verið í gildi kjarasamningar á milli Verkakvennafélagsins Framsóknar og Reykjavíkurborgar um kaup og kjör við ræstingarvinnu og fleiri störf. Verkakvennafélagið Framsókn hefur síðan haft samningsbundinn forgangsrétt til ræstingarstarfa hjá Reykjavíkurborg. Síðar hafa verið gerðir kjarasamningar milli þessara aðila um störf og starfssvið kaffiumsjónarkvenna og störf í mótuneytum.

Á liðnum árum hefur Reykjavíkurborg samið við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og stefnanda um margvísleg störf innan

grunnskóla. Á samningssviði Starfsmannafélagsins voru eftirtalin starfsheiti: Aðstoðarmaður kennara, aðstoðarmaður v/skóla-athvarfs, bað- og klefavarsla, ganga- og dyravarsla, umsjón skóla-athvarfs, umsjón skóladagdeildar svo og starfsmaður heilsdagsskóla.

Á samningssviði stefnanda hafa verið þrjú starfsheiti: ræstingarvinna, almenn verkamannavinna og starfsfólk mótuneyta. Tvö þessara starfsheita eru notuð í grunnskólum, þ.e. ræsting og starfsfólk mótuneyta en til þess heyrir m.a. kaffiumsjón.

Á árinu 1995 ákvað Reykjavíkurborg að breyta störfum starfsfólks grunnskóla. Breytingarnar náðu til allra grunnskóla Reykjavíkur og höfðu þær í för með sér að felld voru niður öll fyrri starfsheiti sem samið hafði verið um við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Samið var við félagið um eitt starfsheiti, starfsmaður skóla. Samhliða var gerð ný starfslýsing til handa umræddum starfsmönnum þar sem allir verkþættir fyrri starfa þeirra voru sameinaðir undir hinu nýja starfsheiti.

Á fundi fræðsluráðs Reykjavíkur þann 10. mars sl. var samþykkt tillaga þess efnis að tilraun yrði gerð í 1-3 skólum með ný störf þar sem saman fari m.a. aðstoð við nemendur í leik og starfi, umsjón með nemendum í frímínútum, á göngum og í búningklefum, sendiferðir, innkaup, gangbrautarvarsla, aðstoð á bókasafni og skrifstofu, ræsting í skóla auk annarra starfa er starfsmanni kynni að vera falin af skólastjóra.

Í kjölfar samþykktar fræðsluráðs Reykjavíkur sneri forstöðumaður rekstrarsviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar sér til Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar til ráðlegginga í hvern farveg málið yrði sett. Um fjölgun starfsmanna yrði að ræða sem tækju þátt í eftirliti og uppeldisstarfi nemenda á viðverutíma þeirra auk þess sem ræsting yrði hluti af störfum starfsmanna. Mat Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar var að þarna væri um að ræða nýtt starf í viðkomandi skólum og eðlilegt væri að lögð yrðu niður störf starfsmanna skóla og störf í tímamældri ákvæðisvinnu við ræstingar. Eftir nákvæma skoðun Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar á eðli og uppbyggingu starfsins var talið að um væri að ræða starf er félli að samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Þann 26. maí 1997 var bókað á fundi fræðsluráðs um val á þremur grunnskólum til þess að taka þátt í þeirri tilraun er fræðsluráð hafði áður ákveðið. Um var að ræða Langholtsskóla, Engjaskóla og Selja-

skóla. Sama dag sendi starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar bréf til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þar sem sú ósk var borin fram að viðræður yrðu hafnar um hin nýju störf við félagið. Afrit þessa bréfs var sent Verkakvennafélaginu Framsókn.

Þann 29. maí var málið kynnt Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt tilkynnt að breytingar þær er þetta hefði í för með sér yrðu framkvæmdar á þann hátt að starfsmönnum yrði sagt upp vegna niðurlagningar starfa og uppsagnir yrðu afhentar næsta dag á fundi er haldinn yrði með starfsfólki. Sama dag var málið rætt við fulltrúa stefnanda þar sem gerð var grein fyrir fyrirhuguðum uppsögnum og fundi er halda ætti með starfsfólki vegna þessa.

Þann 30. maí sendi Fræðslumiðstöð Reykjavíkur ræstingarfólki þeirra þriggja skóla sem tilraunaverkefnið náði til bréf þar sem því var tilkynnt að ekki reyndist unnt að bjóða því endurráðningu. Jafnframt kom fram boð um viðræður um ráðningu í starf skólaliða við þann skóla er viðkomandi hafði áður ræst eða viðræður um vinnu við ræstingar í tímamældu ákvæði í öðrum skóla. Þá var og sent bréf til starfsmanna skóla þar sem þeim var sagt upp störfum en boðið til viðræðna á sama hátt og ræstingarfólkinu um nýtt starf. Starfsmenn við ræstingu í grunnskólum eru á 9 mánaða ráðningu og er ráðningarkjörum þannig háttað að ráðningu lýkur 31. maí ár hvert og hafi starfsmönnum ekki verið tilkynnt um uppsögn ráðningar fyrir þann tíma hefst nýtt 9 mánaða ráðningartímabil frá og með 1. september sama ár.

Stefnandi mótmælti með bréfi, dags. 11. júní sl., þeirri ákvörðun Reykjavíkurborgar að ganga til viðræðna við meðstefnda um hin nýju störf. Fundur var haldinn með Verkakvennafélaginu Framsókn þann 20. júní sl. Á þeim fundi kynntu aðilar afstöðu sína til fyrirhugaðra breytinga. Þann 30. júní sl. var haldinn fundur með ræstingarstarfsfólki, starfsmönnum skóla, framkvæmdastjóra stefnanda, formanni Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og lögmanni stéttarfélaganna. Á þessum fundi kom fram að haft hafi verið samráð við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um gerð starfslýsingar og að óskað hafi verið eftir viðræðum við það félag um gerð kjarasamnings. Annar fundur var haldinn þann 3. júlí sl. þar sem aðilar gerðu enn frekar grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þann 15. júlí sl. var gert samkomulag (kjarasamningur) milli stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar vegna starfa skólaliða í grunnskólum Reykja-

víkur. Lögmaður stefnanda mótmælti f.h. félagsins hinum nýgerða kjarasamningi stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 23. júlí 1997. Í framhaldi af gerð samkomulagsins við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar var þeim starfsmönnum skólanna þriggja, sem annars vegar höfðu starfað við ræstingar skv. kjarasamningi Framsóknar og hins vegar sem starfsmenn skóla skv. kjarasamningi Starfsmannafélagsins, boðið nýtt starf, starf skólaliða og var þeim sent bréf þar að lútandi þann 25. júlí sl. Af þeim 33 félagskonum Framsóknar sem gegnt höfðu störfum við ræstingar þáðu 17 starf skólaliða. Borgarstjóri og starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar áttu fund með fulltrúum Dagsbrúnar og Framsóknar þann 22. ágúst sl. Á þeim fundi voru áréttuð fyrri sjónarmið Reykjavíkurborgar og að allar ákvarðanir og gerðir borgaryfirvalda í framhaldi af samþykkt fræðsluráðs hinn 10. mars sl. væru löglegar og hvergi hefði verið brotið gegn lögvörðum hagsmunum þessara stéttarféлага. Stefnandi boðaði því næst til félagsfundar sem haldinn var þann 26. ágúst sl. þar sem samþykkt var að starfsmenn við ræstingar í grunnskólum borgarinnar mættu ekki til starfa frá og með mánudeginum 1. september sl. nema búið yrði að leysa deilu vegna nýrra starfa í þremur grunnskólum Reykjavíkur. Borgarstjórinn í Reykjavík fór þess á leit við stefnanda í bréfi dags. 28. ágúst sl. að félagið afturkallaði þessa samþykkt sína og hvetti þá einstaklinga sem ráðið höfðu sig til starfa í ræstingar í skólum borgarinnar til að mæta til starfa í skólum á tilskildum tíma. Ennfremur lýsti borgarstjóri sig reiðubúinn til þess fyrir sitt leyti að efna til fundar með stéttarfélagunum til þess að leita lausnar í þessu máli. Sá fundur var haldinn 31. ágúst sl. og var þar gert samkomulag milli stefnda, stefnanda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar þar sem aðilar urðu ásáttir að leggja málið fyrir Félagsdóm. Samkomulag þetta er svohljóðandi: „Þann 15. júlí 1997 gerðu Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) og Reykjavíkurborg með sér kjarasamning um störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur. Meðal starfa skólaliða skv. starfslýsingu er ræsting á skólahúsnæði og ákveðin störf í mötuneyti, en þessum verkefnum hefur fram til þessa verið sinnt af félagsmönnum í Verkakvennafélaginu Framsókn. Verkakvennafélagið Framsókn telur að Reykjavíkurborg hafi brotið gegn gildandi forgangsréttarákvæði í kjarasamningi aðila með samningnum við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg og Starfs-

mannafélagið hafa ekki fallist á þessa skoðun Framsóknar. Til lausnar ágreiningi aðila í þessu efni hafa aðilar orðið ásáttir um að leggja málið fyrir Félagsdóm til úrlausnar og stefna að því að fá niðurstöðu dómsins fyrir 1. október nk.

Meðan leitað er niðurstöðu Félagsdóms í málinu eru aðilar sam- mála um að skólaliðar sinni öðrum verkefnum skv. starfslýsingu en ræstingu og að fyrirtæki þar sem starfa félagsmenn í Verkakvenna- félaginu Framsókn annist ræstingu í þeim þremur skólum sem skólaliðar starfa í.

Í ljósi þessa samkomulags mun Verkakvennafélagið Framsókn falla frá fyrirhuguðum aðgerðum félagsmanna sinna.“

Málsástæður og röksuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar almennt á því að Reykjavíkurborg hafi vanefnt gildandi samnings- og forgangsrétt stefnanda til starfa við ræstingar, við kaffiumsþjón og í mótuneytum. Með kjarasamningi við starfsmannafélagið hafi Reykjavíkurborg vanefnt verulega og í raun ómerkt gildandi kjarasamning, bæði hvað varðar störf félags- manna Dagsbrúnar og Framsóknar við umrædda skóla og í heild. Í kjarasamningum stefnanda komi fram glögg lýsing á þessum störf- um allt frá árinu 1942. Vísar stefnandi í þessu sambandi meðal ann- ars til 1. gr. kjarasamnings frá 4. mars 1942, 1. gr. kjarasamnings frá 4. mars 1960, samkomulags frá 2. febrúar 1972 ásamt meðfylgjandi starfslýsingu á starfssviði kaffiumsþjónarkvenna í barna- og gagn- fræðaskólum Reykjavíkur, dags. 15. janúar 1972, kjarasamnings frá 10. nóvember 1980 ásamt meðfylgjandi starfslýsingu, kjarasamnings frá 27. nóvember 1980, 15. september 1982, 26. febrúar 1987, 26. apríl 1988, rammasamnings um ræstingar frá 1. nóvember 1994, kjarasamnings Verkamannasambands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 og kjarasamnings milli sömu aðila frá 24. mars 1997, einkum greina 1.7.1. til 1.7.9., 6.1.1. til 6.1.2. og XVIII. kafla. Það breyti ekki eðli þessara forgangsstarfa Verkakvennafé- lagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar þótt búið sé til nýtt starfsheiti. Forgangsstörfín séu áfram unnin óbreytt. For- gangsréttarákvæði séu bundin við störf en ekki starfsheiti. Að öðr- um kosti væri opnuð leið til að fara framhjá skýrum forgangsréttar- ákvæðum í öllum kjarasamningum ASÍ-félaga, sem séu hornsteinn að skipulagi verkálýðshreyfingarinnar í landinu. Orðalag umræðra forgangsréttarákvæða sýni það klárt og kvitt, að forgangur sé bund-

inn við vinnu, ekki starfsheiti. Þar sé talað um forgangsrétt til vinnu, allrar almennrar verkamannavinnu. Vinna við ræstingar, kaffiumsjón og í mötuneytum hafi verið og sé almenn verkamannavinna á samningssviði stefnanda, sem félagsmenn stefnanda hafi forgang til. Það tíðkist mjög að breyta starfsheitum án þess að inntak vinnunnar breytist, sbr. 9. gr. samkomulags um réttindamál félagsmanna Starfsmannafélags Reykjavíkur sem sé að finna á bls. 46 í kjarasamningi félagsins frá 27. apríl 1995. Slíkar nafnabreytingar geti ekki haft þær réttarfylgjur sem stefndu skýli sér bak við. Félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur hafi aldrei unnið við forgangsstörf stefnanda og sé hvorki gert ráð fyrir þeim í kjarasamningum né lögum félagsins. Stefnandi bendir einnig á, að á síðasta skólaári hafi 33 félagsmenn Framsóknar unnið við umrædd forgangsréttarstörf í nefndum þremur skólum, en 25 félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur við störf sem starfsmannafélagið hafi haft samninga um. Í fyrirbyggjandi fylgiskjali með starfslýsingum komi einnig glögglega fram, að meginverkefni svonefndra skólaliða verði við ræstingu, kaffiumsjón og mötuneyti. Á fylgiskjalinu sé fjallað um störf skólaliða á tveimur blaðsíðum, þar af sé lýst störfum sem falli undir forgangsrétt félagsmanna Framsóknar og Dagsbrúnar á einni og hálfri blaðsíðu. Megi ætla að allt að 80% af störfum skólaliða lúti að forgangsréttarstörfum félagskvenna Framsóknar.

Stefnandi byggir ennfremur kröfur sínar á því að Starfsmannafélag Reykjavíkur sé ekki lögformlegur samningsaðili um störf við ræstingar, kaffiumsjón og í mötuneytum í skilningi 5. gr. laga nr. 80/1938 þar sem félagið sé ekki opið öllum í hlutaðeigandi starfsgreinum samkvæmt 2. gr. laga nr. 80/1938. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar fari ekki með samningsrétt fyrir launamenn sem stundi störf á samningssviði ASÍ-félaga, heldur einvörðungu fyrir opinbera starfsmenn.

Verði talið að um nýtt starf sé að ræða sé brýnt að fá úr því skor-
ið hvort kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar gildi yfirleitt um starfið. Teljist núgildandi kjarasamningur ekki taka til verkefna skólaliða verði stefnandi eðli máls samkvæmt að taka upp kjaraviðræður við Reykjavíkurborg á nýjan leik og beita eftir atvikum þeim úrræðum sem lög 80/1938 heimili til að ná fram samningum fyrir félagsmenn sína á nýju samningssviði, sem lög félaganna taki til.

Sama gildi um önnur störf hjá Reykjavíkurborg, svo sem við akstur strætisvagna, gangavörslu, eftirlit með stöðumælum og önnur hefðbundin störf ófaglærðra á samningssviði stefnanda. Í þessu sambandi vekur stefnandi athygli á því, að félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkur hafi ekki forgangsrétt til þeirra starfa sem þeir gegni. Færir stefnandi þau rök sérstaklega fram að í upphafi skuli Félagsdómur endinn skoða í þessu ágreiningsmáli. Stefnandi ítrekar einnig að svonefnd tilraun Reykjavíkurborgar um skólaliða hafi haft í för með sér að 17 félagsmenn í Verkakvennafélaginu Framsókn hafi verið fluttir að sér forspurðum í Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, án þess að þeir hafi óskað inngöngu í félagið. Verði þetta skólaliðakerfi látið ná til allra grunnskóla í Reykjavík, muni félagsmönnum í Verkakvennafélaginu Framsókn fækka um meira en 25%. Háttsemi Reykjavíkurborgar kunni síðan að verða óbilgjörnum atvinnurekendum skýrt fordæmi. Hér sé í raun tekist á um tilverugrundvöll elsta verkakvennafélagsins í Reykjavík. Líti stefnandi á kjarasamning stefndu dags. 15. júlí 1997 sem hreina stríðsýfirlýsingu gagnvart sér og öðrum ASÍ-félögum.

Stefnandi byggir sérstaklega á því að Reykjavíkurborg leitist með kjarasamningi við Starfsmannafélag Reykjavíkur um skólaliða að ná fram kjarakröfu sem hafnað hafi verið í kjarasamningsviðræðum. Krafa Reykjavíkurborgar um breytingu á forgangsréttarákvæðum stefnanda feli reyndar í sér viðurkenningu á því að stefnandi hafi og hafi haft forgangsrétt til hinna umþrættu starfa. Reykjavíkurborg og starfsmannafélagið hafi sameiginlega og markvisst unnið að því að hafa áhrif á félagsaðild starfsmanna Reykjavíkurborgar og starfað í starfshópi ásamt fulltrúum skólaskrifstofu til að breyta fyrirkomulagi vinnu við skóla í þessu skyni. Kjarakrafa um breytt forgangsréttarákvæði sem Reykjavíkurborg hafi sett fram í síðustu kjarasamningsviðræðum hafi verið ávöxtur þessa samstarfs. Þegar krafan um breytt forgangsréttarákvæði hafi ekki náð fram að ganga hafi verið brugðið á það ráð að færa forgangsstörf félagsmanna Dagsbrúnar og Framsóknar undir nýtt málamyndastarfsheiti og hefna þess í héraði sem ekki hafi áunnist í heildarsamningum. Félagsmenn Framsóknar, sem kosið hafi óbreytta félagsaðild, hafi verið látnir gera ráðningarsamning á grundvelli nýs kjarasamnings þar sem félagsaðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hafi verið skilýrði. Þá hafi aðrir félagsmenn Framsóknar verið sviptir atvinnu og

ekki hafi verið staðið við ítrekuð loforð um ræstingastörf hjá Reykjavíkurborg. Þessi háttsemi stefndu sé einkar ámælisverð og atлага að frelsi og réttindum stéttarféлага og félagsmanna þeirra sem varin séu af 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Háttsemi stefndu leiði til þess að Dagsbrún og Framsókn ráði ekki málefnum sínum sjálf. Einstökum félagsmönnum sé gert að óhlýðnast félagslögum og kjarasamningum Dagsbrúnar og Framsóknar, sem þeir séu bundnir við. Þá sé ljóst að Reykjavíkurborg hafi af ásetningi haft áhrif á afstöðu félagsmanna Dagsbrúnar og Framsóknar til félaganna. Umræddir félagsmenn hafi kosið af sjálfsdáðum og með skriflegri viljayfirlýsingu að vera félagsmenn Verkavennafélagsins Framsóknar, en aldrei sótt um félagsaðild að starfsmannafélaginu. Reykjavíkurborg hunsi félagafrelsi þessara kvenna. Loks hafi Reykjavíkurborg vanvirt gildandi kjarasamning félaganna með því að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf sem Reykjavíkurborg hafði þá þegar gert kjarasamning um við stefnanda. Byggi stefnandi á því, að í slíkum tilvikum verði yngri kjarasamningur að vika fyrir eldri kjarasamningi. Um lagarök að þessu leyti vísar stefnandi auk þess meðal annars til 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómálagaleg réttindi nr. 10/1979, 7., 8. gr. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 5. og 6. gr. félagsmálasáttmála Evrópu og til samþykktar Alþjóðavinnuálagastofnunarinnar, ILO, nr. 87 um réttinn til að semja sameiginlega og samþykktar nr. 98 um félagafrelsi. Stefnandi staðhæfir jafnframt að Reykjavíkurborg hafi farið á svig við anda og tilgang jafnréttislaga nr. 28/1991 með því að segja upp 31 konu og endurráða ekki 16 þeirra, sem hafi ekki átt þess kost sem konur og vegna heimilisaðstæðna og skorts á dagvistun fyrir börn sín að stunda ræstingarstörf í dagvinnu. Fjárhagsleg afkoma þessara kvenna og fjölskyldna þeirra sé í uppnámi. Megi einnig ætla að aðgerðir Reykjavíkurborgar leiði til þess að karlmenn eigi léttara með að fá og stunda vinnu sem skólaliðar. Vísar stefnandi einkum til ákvæða 1. gr., 2. gr., 5. gr. og 6. gr. laga nr. 28/1991 í þessu samhengi.

Í beinu framhaldi af framanrituðu færi stefnandi þau sjónarmið fram málstað sínum til stuðnings, að atvinnurekendur og stéttarfélag hafi í upphafi þessarar aldar, jafnt hér á landi sem erlendis,

tekist hatrammlega á um svonefndan stjórnunarrétt. Niðurstaðan hafi orðið sú, að stjórnunarréttur atvinnurekenda hafi verið viðurkenndur, en þeir hafi á móti skuldbundið sig til að virða rétt verkamanna til að skipuleggja sig og að reyna hvorki að hafa áhrif á stjórnmalaskoðanir verkamanna sinna né afstöðu þeirra og afskipti af stéttar- eða stjórnmalafélögum. Afskipti Reykjavíkurborgar af félagsaðild starfsmanna sinna við Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla sé brýnt brot á þessari grundvallarreglu og afturhvarf til fortíðar 2. og 3. áratugar þessarar aldar þegar stéttarfélög háðu harða baráttu fyrir sjálfsögðum grundvallarmannréttindum. Ræstingarkonur við nefnda skóla hafi kosið að skipuleggja sig í Verkakvennafélaginu Framsókn og gert kjarasamninga og tryggt sér forgangsrétt til starfa með frjálsum samningum á grunni þeirrar félagsaðildar. Atлага Reykjavíkurborgar feli í sér ólöglega atvinnukúgun og aðgerðir fjandsamlegar Verkakvennafélaginu Framsókn og Verkamannafélaginu Dagsbrún og sé alvarlegt brot gegn 4. gr. laga nr. 80/1938. Það sé ekki á valdi atvinnurekenda að ákveða samnings- og félagsaðild starfsmanna sinna. Borgarráð hafi áður verið sömu skoðunar, sbr. eftirfarandi bókun þess í tilefni af deilu um félagafrelsi starfsmanna SVR hf. á árinu 1993:

„Það væri íhlotun í félagafrelsi starfsmanna SVR hf, ef borgaryfirvöld hefðu afskipti af því hvernig starfsmenn fyrirtækisins skipuðu málum sínum í þessu tilliti. Borgaryfirvöld gera ekki fyrir sitt leyti athugasemd við að starfsmennirnir verði deild í Starfsmannafélagi Reykjavíkur.“

Þá kveðst stefnandi rökstyðja kröfur sínar með vísan til lögskýringargagna að baki lögum nr. 97/1995 um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 97/1995 hafi komið fram ummæli varðandi nýtt félagafrelsisákvæði sem túlka hafi mátt gegn skipulagi stéttarfélaga, aðild að þeim, forgangsrettarákvæðum, félagsgjöldum og fleira. Þessi ummæli hafi sætt verulegri gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar. Gagnrýnin hafi leitt til þess að félagafrelsisákvæðinu hafi verið breytt á þann veg að stéttarfélaga sé þar sérstaklega getið auk fleiri breytinga. Í athugasemdum stjórnarskrárnefndar um þessar breytingar segi orðrétt:

„Hefur nefndin ákveðið að leggja til að stjórnmalafélaga og stéttarfélagi verði sérstaklega getið í greininni í ljósi þess að hér er um

að ræða einhverja mikilvægustu flokka félaga í sérhverju lýðræðisríki.

...

Í orðalagi fyrri málsliðar 2. mgr. felist, að engan megi skylda til aðildar að félagi með lögum eða hvers kyns stjórnvaldsákvörðunum. Er því ekki verið að kveða á um það sem menn eru skyldaðir til að gera á grundvelli frjálsra samninga, þar á meðal kjarasamninga.

...

Í ljósi þessa lítur nefndin svo á að með samþykki frumvarpsins sé ekki verið að hrófla í einu né neinu við réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði, greiðslu félagsgjalda og önnur réttindaákvæði.“

Með hliðsjón af þessum ummælum og með vísan til 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar telur stefnandi, að skipulag stéttarfélaga og réttarstaða á vinnumarkaði njóti sérstakrar verndar. Kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkur grafi undan skipulagi stéttarfélaga og réttarstöðu á vinnumarkaði og skapi óviðunandi réttaróvissu í blóra við nefnd mannréttindaákvæði. Af þessum sökum beri jafnframt að túlka hugsanlegan vafa í málinu stefndu í óhag. Ennfremur bendir stefnandi á, að Félagsdómur hafi margsinnis viðurkennt gildi forgangsréttarákvæða, sem sé í góðu samræmi við skoðanir fræðimanna og afstöðu alþjóðlegra stofnana. Þá hafi Vinnuveitendasamband Íslands viðurkennt forgangsréttarákvæði í samræmi við skilning stefnanda.

Framanritaðar röksemdir telur stefnandi eiga við um allar kröfur sínar.

Um sektarkröfu á hendur Reykjavíkurborg er vísað til 70. gr. laga nr. 80/1938 og fyrri rökstuðnings. Ennfremur er vísað til Féld. 1953:1 og 15.

Stefnandi ítrekar varðandi kröfuliði A. 6, 8 og 9, að nauðsyn beri til að Félagsdómur komist að skýrri niðurstöðu um hvort kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar við Reykjavíkurborg taki til starfa skólaliða að hluta eða öllu leyti og þar með hvort friðarskylda sé fyrir hendi. Kröfuliður A. 5 sé auk þess studdur þeim rökum, að forsendur séu brostnar fyrir kjarasamningi Dagsbrúnar og Framsóknar og Reykjavíkurborg í heild eða varðandi forgangsréttarstörf við ræstingu, kaffiumsjón og í mötuneytum. Þá hafi Reykjavíkurborg vanefnt kjarasamning við Dagsbrún og Framsókn

svo verulega að það leiði til ógildis hans. Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum séu grundvallarforsenda umrædds kjarasamnings og varði brýnustu skipulagsmál hvers stéttarfélags og samskipti við önnur stéttarfélög og samtök atvinnurekenda. Sé unnt að sniðganga forgangsréttarákvæði með því að breyta starfsheiti einu saman, þótt inntak starfanna sé hið sama, sé réttarstaða stéttarfélaga í uppnámi og skipulag þeirra hrunið, sbr. fyrri röksemdir.

Kröfugerð gagnvart stefndu sameiginlega sé byggð á áður framsettum málsástæðum. Auk þess á þeirri meginreglu, að atvinnurekanda sé óheimilt að gera samning um störf sem hann hafi þegar gert bindandi kjarasamning um og sem enn sé í fullu gildi. Það leiði einnig til ógildis kjarasamnings Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að starfsmannafélagið sé ekki bært til að gera kjarasamning fyrir verkakonur sem ekki séu félagsmenn þess og sé auk þess ekki lögformlegur samningsaðili í skilningi 2. gr. laga nr. 80/1938. Um samningsrétt Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fari að lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna en ekki að lögum nr. 80/1938. Þegar af þeirri ástæðu sé kjarasamningur stefndu ógildur gagnvart félagsmönnum Dagsbrúnar og Framsóknar.

Um málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Reykjavíkurborgar.

Af hálfu stefnda er á það bent að einhvers misskilnings virðist hafa gætt af hálfu stefnanda varðandi umfang breytinga á störfum félagsmanna Verkakvennafélagsins Framsóknar í grunnskólunum þremur. Í stefnu sé gengið út frá því að störf starfsfólks við kaffiumsjón/mötuneyti hafi verið lögð niður og sameinuð undir hinu nýja starfsheiti, skólaliði. Stefndi bendir á að þessi skilningur stefnanda sé ekki réttur því umrædd störf séu áfram unnin af félagsmönnum stefnanda. Af þeim verkþáttum sem félagsmenn stefnanda hafi unnið í áður nefndum þremur grunnskólum Reykjavíkur hafi ræstingastörf ein og sér verið sameinuð og felld undir starf skólaliða.

Um kröfuliði A.

Um kröfulið 1.

Reykjavíkurborg hafi um árabíl samið við stefnanda um störf við ræstingar og mötuneyti í grunnskólum. Í kjarasamningi aðila hafi um langt skeið verið samið um forgangsrétt félagsmanna Verka-

kvennafélagsins og hafi í samningi aðila að jafnaði verið vísað til ákvæða í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands vegna Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Vinnuveitenda-sambands Íslands og Vinnumálasambandsins hins vegar. Í kjara-samningum stefnda og stefnanda er nú vísað til þessara almennu ákvæða en þar er forgangsréttarákvæði í grein 6.1.1. sem hljóðar svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu, sem um er að ræða.“

Á liðnum árum hafi margvíslegar breytingar orðið á störfum starfsmanna grunnskóla. Þannig hafi Reykjavíkurborg á árinu 1995 ákveðið að breyta fjölmörgum störfum í grunnskólum og sameina í eitt nýtt starf, starfsmaður skóla. Á sama hátt hafi margvíslegar breytingar orðið á störfum ræstingafólks á liðnum árum. Þannig hafi ýmsir verkþættir sem áður voru unnir af ræstingafólki í Verka-kvennafélaginu Framsókn verið felldir brott, t.d. bónun gólfa og hafi sá verkþáttur upp frá því verið unninn af verktökum. Í kjölfar þeirra breytinga hafi verið ráðist í endurskipulagningu á störfum ræstingafólks á árinu 1993. Allar þær breytingar sem orðið hafa á störfum starfsfólks grunnskóla á síðustu árum hafi Reykjavíkurborg unnið í samráði við hlutaðeigandi stéttarfélög. Fyrir á þessu ári hafi sú ákvörðun verið tekin að breyta störfum starfsmanna grunnskóla. Þá hafi verið ákveðið að sameina ýmis störf sem annars vegar höfðu verið á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og hins vegar á samningssviði stefnanda og stofnað til nýs starfs, starfs skólaliða. Til þessarar ákvörðunar hafi Reykjavíkurborg fulla heimild skv. stjórnunarrétti vinnuveitanda.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að meginverkefni skóla-liða í áðurnefndum þremur grunnskólum séu fólgin í verkþáttum sem áður voru unnir af félagsmönnum stefnanda. Þá er því og mótmælt að engar breytingar hafi orðið á störfum ræstingafólks aðrar en þær að starfsheiti hafi breyst og starfsemi fari fram að degi til. Stefndi bendir á að skv. starfslýsingu skólaliða séu þeim falin fjölmörg viðamikil verkefni alls óskyld ræstingu. Þá er bent á að tilgangur með stofnun hinna nýju starfa sé byggður á sjónarmiðum

uppeldis, umönnunar og eftirlits. Því sé fráleitt að ætla að verkefni tengd ræstingu sé ráðandi þáttur í hinu nýja starfi. Í hvívetna hafi verið gætt sjónarmiða um samningsrétt einstakra stéttarféлага til ákveðinna starfa svo og forgangsréttarákvæða.

Ítarleg skoðun hafi farið fram á störfum starfsmanna grunnskóla í kjölfar áður nefndrar samþykktar fræðsluráðs dags. 10. mars 1997. Svo sem hjálagðar starfslýsingar starfsmanna skóla annars vegar og skólaliða hins vegar beri með sér séu störf skólaliða að grunni til byggð á störfum starfsmanna skóla. Sú staðreynd svo og tilgangur og eðli hins nýja starfs hafi mestu ráðið um ákvörðun stefnda um að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

Það sé því beinlínis rangt sem haldið er fram í stefnu að störf félagsmanna í Verkakvennafélaginu Framsókn hafi verið ráðandi þáttur í störfum starfsmanna grunnskóla. Þvert á móti megi segja að störf unnin af félagsmönnum Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hafi verið mun umfangsmeiri en störf félagsmanna stefnanda. Í því sambandi er bent á eftirfarandi samantekt á stöðugildum félagsmanna hvors stéttarfélags um sig í grunnskólum Reykjavíkur í aprílmánuði sl. Við störf í grunnskólum Reykjavíkurborgar í apríl 1997 hafi verið undir starfsheitinu starfsmenn skóla 203 stöðugildi. Á sama tíma hafi verið 143 stöðugildi við ræstingar og 33 stöðugildi við kaffiumsjón/mötuneyti í þessum sömu skólum. Af þessu megi sjá að mun fleiri stöðugildi hafi verið á samningssviði Starfsmannafélagsins og því ljóst að meginumfang hins nýja starfs grundvallist á störfum starfsmanna skóla. Þar af leiðandi hafi það verið rökrétt ákvörðun stefnda að taka upp viðræður við meðstefnda um gerð kjarasamnings vegna hins nýja starfs. Verði í því sambandi að hafa til hliðsjónar ákvæði laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, einkum ákvæði 4., 5. og 6. gr. þeirra, en þar sé meðal annars kveðið á um rétt stéttarféлага opinberra starfsmanna til samningsgerðar við sveitarfélög og að eigi skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa og á því byggð að forgangsréttur stefnanda hafi ekki tekið til hins nýja starfs enda þótt einstakur verkþáttur, ræsting, hafi skv. hinni nýju starfslýsingu áður verið unninn af félagsmönnum þess. Reykjavíkurborg hafi því verið rétt,

eins og á stóð, að taka upp viðræður við meðstefnda um kjarasamning vegna hinna nýju starfa svo og til gerðar slíks samnings.

Breyting sú sem gerð hafi verið á störfum starfsfólks í þremur grunnskólum miði að því að starfsfólk sé við vinnu og sé reidubúið að ganga í öll almenn störf skv. starfslýsingu á skóladegi. Af hálfu stefnda er á því byggt að allir starfsmenn séu ráðnir skv. sömu starfslýsingu og sinni þeim fjölbreyttu störfum sem um ræðir eftir þörfum hverju sinni. Það sé því rangt sem fram kemur í stefnu að ekki sé um að ræða breytingu á störfum frá fyrri árum enda hafi skólastjórar skipulagt störf skólaliða með þeim hætti. Þá sé það enn fremur alrangt sem fram kemur í stefnu að um sé að ræða óbreytt störf félagsmanna Verkavennafélagsins Framsóknar sem unnin séu nú undir nýju starfsheiti, málamyndastarfsheiti, og Reykjavíkurborg hafi á þann hátt sniðgengið nýgerðan kjarasamning aðila til þess að ná fram kjarakröfu sem mistekist hafði að semja um í kjaraviðræðum aðila. Um þetta er vísað til þess sem áður hefur komið fram svo og til framlagðra starfslýsinga.

Í viðræðum aðila vegna gerðar kjarasamninga fyrir á þessu ári hafi farið fram umræður um breytingar á forgangsréttarákvæði Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkavennafélagsins Framsóknar. Tillaga stefnda um breytingar á forgangsréttarákvæði aðila hafi eðli máls samkvæmt og skv. orðanna hljóðan einvörðungu tekið til þeirra starfa sem forgangsréttur félaganna nær til skv. kjarasamningi. Af hálfu stefnda þyki ljóst að þær viðræður sem þar áttu sér stað breyti engu um það álitafni sem hér er til umræðu enda nái forgangsréttur stefnanda fráleitt til þeirra starfa, sbr. framlagða starfslýsingu skólaliða. Aðdróttunum stefnanda í garð stefnda í stefnu um óheilindi við gerð síðustu kjarasamninga er alfarið vísað á bug sem röngum og órökstuddum.

Af hálfu stefnda er því alfarið mótmælt að Reykjavíkurborg hafi með gerð samkomulags við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða haft afskipti af eða hlutast til um málefni Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Þá er því mótmælt að Reykjavíkurborg hafi hunsað félagafrelsi félagsmanna Verkavennafélagsins Framsóknar. Breytingar, sem urðu á störfum starfsmanna grunnskóla, hafi leitt til þess að Reykjavíkurborg gerði samkomulag við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um umrædd störf. Af hálfu stefnda sé réttur Starfsmannafé-

lags Reykjavíkurborgar til samninga um þessi störf ekki dreginn í efa enda uppfylli félagið skilyrði laga til slíkrar samningsgerðar. Sé fráleitt að ætla að í afstöðu stefnda felist íhlotun í innri málefni stéttarféлага eða afskipti af félagsaðild einstakra starfsmanna grunnskóla Reykjavíkur. Er því andmælt af hálfu stefnda að brotið hafi verið gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938, ásamt síðari breytingum. Þá er því og mótmælt að Reykjavíkurborg hafi vanvirt gildandi kjarasamning með því að ganga til samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar um störf skólaliða. Ennfremur er því mótmælt að Reykjavíkurborg hafi á nokkurn hátt brotið gegn 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, 22. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómála réttindi nr. 10/1979, 7., 8. og 11. gr. alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 5. og 6. gr. félagsáttmála Evrópu eða samþykktar Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, ILO, nr. 87 um réttinn til að semja sameiginlega og samþykktar nr. 98 um félagafrelsi. Þá er því og mótmælt að Reykjavíkurborg hafi með uppsögnum og ráðningum á félagsmönnum stefnanda í umræddum skólum, brotið gegn ákvæðum jafnréttislaða nr. 28/1991.

Stefndi telur ljóst að umrædd störf skólaliða falli ekki undir forgangsrétt kjarasamnings stefnda og stefnanda og í því sambandi er vísað til starfslýsingar, tilgangs með breytingum og eðli hinna nýju starfa. Verði ekki talið að umrædd umönnunar-, uppeldis- og eftirlitsstörf falli undir forgangsrétt stefnanda til almennrar verkamannavinnu.

Um kröfur 2 og 3:

Félagsmenn stefnanda annist enn í umræddum þremur skólum störf við kaffiumsjón/mötuneyti. Þessi störf séu ekki á verksviði skólaliða og eigi því ekki að vera ágreiningur milli stefnanda og stefnda um þessa kröfuliði og séu þeir félagsdómsmáli þessu óviðkomandi og er skorað á stefnanda að falla frá þessum kröfuliðum.

Um kröfu 4:

Í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnuálagasambandsins frá 24. mars 1997 sé að finna almennt ákvæði um forgangsrétt til vinnu, grein 6.1.1. Kjarasamningar stefnanda og stefnda frá 16. mars 1995, kjarasamningur stefnda og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar frá 21.

febrúar 1995 og kjarasamningur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og stefnanda annars vegar og stefnda hins vegar frá 24. mars 1997 vísi allir til ákvæða í hinum almenna kjarasamningi og þar af leiðandi til hins almenna ákvæðis um forgangsrétt til vinnu. Reykjavíkurborg hafi gert skipulagsbreytingar á starfsemi grunnskóla, stofnað hafi verið til nýs starfs sem forgangsréttarákvæði stefnanda taki ekki til. Samkomulag stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí feli ekki í sér nein brot á samningum stefnda og stefnanda og sé í alla staði löglegt og er því krafist sýknu af þessum lið kröfugerðar stefnanda. Vísast að öðru leyti til þess sem segir um kröfu 1 hér að framan.

Um kröfu 5:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Er því mót-mælt að Reykjavíkurborg hafi á nokkurn hátt brotið gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938. Vísast um það til þess er fram kemur hér að framan varðandi kröfuliði 1.

Um kröfu 6:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Sé til þess að líta sem áður hefur komið fram að störf félagsmanna stefnanda við ræstingar í umræddum skólum hafi nú þegar verið lögð niður og sameinuð öðrum störfum undir starfsheitinu skólaliði. Störf við ræstingar sem forgangsréttur stefnanda taki til séu því ekki fyrir hendi á umræddum vinnustöðum. Að öðru leyti vísast til þess sem áður greinir undir kröfulið 1.

Um kröfu 7:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísast er til þess sem greinir hér að framan, bæði í málavaxtalýsingu um tilurð og ástæður samkomulags stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um störf skólaliða. Þá vísar stefndi og til þess er fram kemur hér að framan við kröfulið 1.

Um kröfu 8:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Kjarasamningur aðila sé enn í fullu gildi og skv. ákvæðum hans renni hann út þann 15. febrúar árið 2000. Samkomulag stefnda við meðstefnda um störf skólaliða feli ekki í sér brot á gildandi kjarasamningi aðila. Hver svo sem niðurstaða Félagsdóms kunni að verða að því er það atriði varðar þyki ljóst að sú niðurstaða hafi engin áhrif á gildi nú-

verandi kjarasamnings. Ágreiningsefni það sem hér er til úrlausnar varði einungis starfsmenn umræddra þriggja skóla og lúti þ.a.l. dómsvaldi Félagsdóms. Enginn ágreiningur sé að öðru leyti um að Reykjavíkurborg hafi efnt kjarasamning aðila að fullu. Félagsdómur hafi engar heimildir til að kveða á um ógildi kjarasamnings í heild sinni eða hluta þó svo talið væri að annar hvor samningsaðila hefði brotið gegn ákvæðum hans. Séu engin lagaskilyrði til slíks.

Að öðru leyti vísast til þess sem fram kemur hér að framan um kröfulið 1.

Um kröfu 9:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Enginn sérstakur samningur sé í gildi um störf við ræstingar í umræddum skólum heldur sé einungis einn kjarasamningur í gildi um slík störf. Sá samningur haldi gildi sínu að öllu leyti og ekkert sé því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg geti síðar tekið upp sömu tilhögun og áður var fyrir hendi.

Að öðru leyti vísast til þess sem segir hér að framan um kröfulið 1 og um kröfulið 14 í upphaflegri kröfugerð stefnanda.

B liður:

Um kröfu 1:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísað til þess sem áður greinir undir kröfulið 1 hér að framan. Ennfremur vísar stefndi til greinargerðar meðstefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Stefndi Reykjavíkurborg lýsir sig samþykkan gagnkröfu meðstefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, og tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram til rökstuðnings gagnkröfunni.

Um kröfu 2:

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af þessum kröfulið. Vísað er til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu og til umfjöllunar um alla kröfuliði hér að framan.

Stefndi vísar til grundvallarreglna íslensks vinnuréttar og grundvallarreglna samningaréttar. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 80/1938, ásamt síðari breytingum, um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar telur nauðsynlegt, sbr. heimild í 53., sbr. 2. tl. 44. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, að gera gagnkröfu í málinu, þannig að niðurstaða Félagsdóms leiði til lykta með ótvíræðum hætti ágreining aðila um hvort samkomulag Reykjavíkurborgar og félagsins um ný störf skólaliða sé gilt og hvort það fari í bága við forgangsrétt félagsmanna stefnanda til almennrar verkamannavinnu hjá meðstefnda. Tekið er fram að samkomulagið feli í sér vinnusamning (kjarasamning) í þeirri merkingu sem orðið hafi í 2. tl. 44. gr. 1. nr. 80/1938. Samningurinn hafi orðið til á vettvangi starfskjaranefndar aðila, en slíkir samningar hafi stöðu kjarasamnings, sbr. t.d. niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 3/1996.

Með gerð gagnkröfunnar sé einnig leitast við að tryggja að efnisdómur fáiast um ágreining aðila telji Félagsdómur sér skylt að vísa kröfum stefnanda frá dómi vegna óskýrleika og vanreifunar, sbr. e-lið 1. tl. 80. gr. laga nr. 91/1991, eða vegna þess að fjölmörgum aðilum sem dómi er ætlað að binda skv. stefnu hafi ekki verið stefnt inn í málið.

St.Rv. sé stéttarfélag í skilningi laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt 3. gr. 1. nr. 94/1986 fari sveitarstjórnir með samningsfyrirsvar fyrir sveitarfélög. Reykjavíkurborg er sveitarfélag og gildi lög nr. 94/1986 um samskipti borgarinnar og þeirra stéttarfélaga sem starfa eftir sömu lögum, þ.m.t. St.Rv.

Samkvæmt 4. og 5. gr. 1. 94/1986 eigi stéttarfélög rétt til þess að vera samningsaðilar. Í þessu felist að ríki og/eða sveitarfélagi sé skylt að gera kjarasamninga við félögin vegna félagsmanna þeirra sem starfa hjá viðkomandi aðila, að uppfylltum almennum skilyrðum.

Réttur St.Rv. til kjarasamningsgerðar við meðstefnda Reykjavíkurborg sé bæði tryggður í 2. mgr. 4. gr. laganna, þ.e. félagið hafi gert kjarasamninga við Reykjavíkurborg fyrir gildistöku laganna um kjarasamninga opinberra starfsmanna og skv. 1. tl. 5. gr. þar sem félagið taki til meirihluta opinberra starfsmanna Reykjavíkurborgar sem ekki séu í stéttarfélögum skv. 2. og 3. tl. sömu greinar. Af framangreindum reglum leiði að það væri lögbrot af hálfu Reykja-

víkurborgar að semja við stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938 um þau störf sem verið hafa á samningssviði St.Rv.

Verkavennafélagið Framsókn og Verkamannafélagið Dagsbrún séu stéttarfélög sem starfi á grundvelli laganna um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938. Félögin geri kjarasamninga f.h. félagsmanna sinna við þá vinnuveitendur sem til þess eru reiðubúnir. Engin laga-skylda hvílir á neinum vinnuveitanda til kjarasamningsgerðar við félögin. Stéttarfélögin hafa tiltekin lögmælt úrræði til þess að þvinga vinnuveitanda til kjarasamningsgerðar vilji hann njóta starfskrafta félagsmanna stéttarfélaganna. Í því skyni að styrkja stöðu almennu stéttarfélaganna hafi þau leitast við að ná fram svokölluðum for-gangsréttarákvæðum í kjarasamninga sína við vinnuveitendur. Ekki er dregið í efa gildi slíkra ákvæða. Hins vegar sé ljóst að forgangs-réttarákvæði í kjarasamningum séu andstæð meginreglunni um samningsfrelsi. Af því leiði að dómstólum ber að beita þröngri skýr-ingu við túlkun forgangsréttarákvæða. Þá sé ljóst að ekki sé heimilt að krefjast forgangsréttar til starfs sem annað félag hafi samið um eða eigi lögbundinn samningsrétt til. Verði þessi regla ótvírætt leidd af Féld. nr. 1/1974 og 4. og 5. gr. 1. nr. 94/1986.

Af framangreindri skýringarreglu telur St.Rv. leiða, að starf verði ekki fellt undir forgangsréttarákvæðið, þ.e. að teljast til almennrar verkamannavinnu, nema allir þættir starfsins falli ótvírætt þar undir eða a.m.k. yfirgnæfandi meirihluti. Þá hljóti samningsbundinn for-gangsréttur að víkja skarist hann við lögbundinn samningsrétt ann-ars stéttarfélags.

Í máli þessu snúist ágreiningur aðila um hvort Reykjavíkurborg hafi verið heimilt að semja við St.Rv. um störf skólaliða. Að mati St.Rv. hafi borginni ekki einungis verið heimilt heldur hafi henni verið það skylt að lögum. Í kjarasamningi St.Rv. og Reykjavíkurborgar um störf skólaliða sé vísað um innihald starfsins til fram-lagðrar starfslýsingar. Reyndar sé einungis verið að vísa til fremsta blaðsins á framlögðu skjali því aftari síður þess skjals hafi Sjöfn Ing-ólfsdóttir, formaður St.Rv., sem undirritaði samkomulagið fyrir þess hönd, ekki séð fyrr en henni bárust skjöl þessa máls. Aftari tvö blöð skjalsins séu því ekki hluti samkomulagsins. Enginn vafi sé á því að meginhluti verkefna skólaliða skv. starfslýsingunni séu starfsþættir sem hafi verið á samningssviði St.Rv. gagnvart borginni. Vísast í því efni sérstaklega til starfslýsingar starfsheitisins „starfsmaður skóla“

sem um hafi verið samið í kjarasamningi St.Rv. og meðstefnda. Það starfsheiti hafi í haust verið lagt niður í skólunum þremur þar sem tilraunin með störf skólaliða er gerð. Verkefni „starfsmanna skóla“ hafi verið færð inn í starfslýsingu skólaliðanna auk tiltekinna ræstingarstarfa. Það sé hins vegar misskilningur að skólaliðar hafi tekið yfir verkefni við kaffiúmsjón í skólunum þremur eða störf matráðskvænna í mótuneytum þeirra. Félagsmenn stefnanda sinni kaffiúmsjón og störfum matráðskvænna í skólunum.

Í stjórnunarrétti vinnuveitanda felist að honum sé heimilt að skipuleggja vinnuna. Vinnuveitanda sé t.d. heimilt að skilgreina starf upp á nýtt, flytja verkefni milli starfsmanna, auka starfsemi á einu sviði en draga úr á öðru, allt með þeim almenna fyrirvara að virt séu lög og reglur og samningar við starfsmenn, þ.m.t. reglur um uppsagnarfrest. Ekki sé um það deilt í máli þessu að meðstefndi hafi tilkynnt ræstingarfólki og starfsmönnum skóla um skipulagsbreytingarnar með nægum fyrirvara.

Sá skilningur sem stefnandi haldi fram um inntak forgangsréttarins myndi leiða til þess, ef viðurkenndur væri, að meðstefnda Reykjavíkurborg væri um aldur og ævi óheimilt að gera breytingar á starfsemi sinni í þá veru að steypa saman í eitt starf verkefnum sem geti ein sér talist almenn verkamannavinna og verkefnum sem verið hafa á samningssviði einhvers stéttarfélaga opinberra starfsmanna. Með því væri ævinlega brotinn réttur annaðhvort á stefnanda eða viðkomandi stéttarfélagi opinberra starfsmanna. Þessi skilningur stríði gegn eðlilegri þróun starfa og viðleitni til þess að auka fjölbreytni og hagkvæmni. St.Rv. telji að enginn réttargrundvöllur sé fyrir þessum skilningi stefnanda.

Algengt sé að kjarasamningar stéttarfélaga, sem samið hafa um forgangsrétt til starfa, skarist án þess að litið hafi verið svo á að það leiði til ógildis kjarasamninganna. Megi t.d. nefna að Verkamannafélagið Dagsbrún og Verslunarmannafélag Reykjavíkur hafi bæði samið um lagerstörf og hafi a.m.k. til skamms tíma samið bæði um störf bifreiðastjóra (útteyglu). Það liggir í hlutarins eðli að mörk milli samningssviða stéttarfélaga geti verið óljós. Í þeim tilvikum verði vafinn að leiða til þess að vinnuveitandinn hafi val varðandi kjarasamningsgerðina. Í stefnu sé gefið í skyn að með gerð kjarasamnings St.Rv. og meðstefnda hafi félagsmenn stefnanda verið fluttir milli stéttarfélaga eins og „dauðir hlutir“. Þetta sé ekki rétt.

Flestir skólaliðanna hafi áður verið starfsmenn skóla og sem slíkir innan St.Rv. Þeir skólaliðar sem áður unnu við ræstingu og voru félagsmenn stefnanda hafi gengið í St.Rv. og undirritað það eigin hendi í ráðningarsamningum sínum. Skólaliðum sé að sjálfsögðu frjálst að standa utan St.Rv. kjósi þeir það. Þeim sé einnig heimilt að vera félagsmenn hjá stefnanda ef slíkt er heimilt skv. samþykktum þess félags. Þessi réttindi séu tryggð með félagafrelsisákvæði stjórnarskrár og komi félagslegum rétti stéttarfélaga til kjarasamningsgerðar ekki við.

Af dómkröfum þeim sem settar eru fram í málinu sé einungis kröfum B. 1 og B. 2 beint að St.Rv.

Krafist er sýknu af báðum kröfunum. Um forsendur sýknukröfunnar er vísað til þess sem að framan er rakið um málavexti, málsástæður og lagarök.

Gagnkrafa Starfsmannafélags Reykjavíkur sé sett fram með stoð í 53., sbr. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Byggt er á reglum laga nr. 94/1986 um lögbundinn rétt St.Rv. til kjarasamningsgerðar. Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. 1. nr. 91/1991. Að öðru leyti vísast til almennra regla vinnuréttarins.

Forsendur og niðurstaða.

Með samkomulagi dags. 31. ágúst 1997 urðu aðilar máls þessa sammála um að leggja fyrir Félagsdóm ágreining um hvort Reykjavíkurborg hafi brotið gegn gildandi forgangsréttarákvæði í kjarasamningi Verkakvennafélagsins Framsóknar með því að gera kjarasamning við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar þann 15. júlí 1997 um störf skólaliða.

Umrætt ákvæði um forgangsrétt til vinnu, sem verið hefur að efni til í kjarasamningum stefnanda og stefnda Reykjavíkurborgar um árabíl, er nú að finna í grein 6.1. í samningi frá 24. mars 1997 milli Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins og hljóðar það svo:

„Vinnuveitendur skuldbinda sig til þess að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða.“

Lýtur krafa stefnanda samkvæmt kröfulið 4 að því að fá leyst úr

umræddum ágreiningi svo og gagnkrafa stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Fyrir liggur að á síðustu árum hafa orðið breytingar á starfsemi grunnskólanna sem kallað hafa á nauðsynlegar breytingar á starfsviði starfsmanna grunnskólans.

Þann 15. júlí 1997 gerðu Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurborg með sér kjarasamning um störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur. Í honum er vísað til starfslýsingar Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Meðal starfa skólaliða samkvæmt starfslýsingu 24. maí 1995 er að annast ræstingu á skólahúsnæði og að sjá um minniháttar eldun og framreiðslu á mat þar sem það á við, auk þess sem þeim er falið að aðstoða nemendur í leik og starfi og taka þátt í því uppeldis- og eftirlitsstarfi sem fram fer innan skólans.

Samkvæmt framangreindu ákvæði 6.1. í kjarasamningnum 24. mars 1997 hafa félagsmenn Framsóknar og Dagsbrúnar forgang til allrar almennrar verkamannavinnu. Telja verður að slíkt forgangsréttarákvæði verði að túlka þröngt með hliðsjón af því að um undantekningarákvæði er að ræða svo og meginreglunni um samningsfrelsi. Þegar virt er starfslýsing skólaliða verður ekki fallist á að um hefðbundna verkamannavinnu sé að ræða eða hefðbundin ræstingastörf. Gert er ráð fyrir að skólaliðar starfi á þeim tíma sem nemendur eru í skólanum og verði gagnvart nemendum sýnilegri starfskraftar en áður var og hafi umsjón með nemendum, eins og áður er rakið. Telja verður starf skólaliða nýtt starf. Fyrir liggur að enginn kjarasamningur var fyrir hendi um starf skólaliða fyrir gerð kjarasamningsins 15. júlí sl. Er því ekki fallist á að stefndu hafi með gerð þess samnings brotið gegn umræddu ákvæði 6.1. í framangreindum samningi aðila.

Þer því að taka til greina gagnkröfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkur í máli þessu en hafna kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið 4 í stefnu.

Óumdeilt er í málinu að starfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru í Verkakvennafélaginu Framsókn og Verkamannafélaginu Dagsbrún njóta forgangs til ræstingastarfa. Fyrir liggur hins vegar að ræstingastörf sem slík hafa verið felld niður í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla með tilraunastarfseminni sem tekur til starfs skólaliða í þessum skólum, en eins og áður er rakið telst ákvæði 6.1. ekki taka

til starfs skólaliða. Þar sem ræstingar í þremur umræddum skólum eru nú hluti af starfi skólaliða, sem samkvæmt framansögðu telst nýtt starf, ber að hafna þeirri kröfu stefnanda að félagsmenn í Framsókn og Dagsbrún hafi forgangsrétt til þessa starfs í umræddum þremur skólum. Ber því að hafna kröfu stefnanda samkvæmt 1. kröfulið.

Stefndu hafa lýst því yfir að ekki sé ágreiningur um 2. kröfulið og verður hann því tekinn til greina.

Af hálfu stefndu hefur því ekki verið mótælt að matráðskonur í mötuneytum sem eru félagsmenn í Framsókn og Dagsbrún, hafi forgangsrétt til þeirra starfa. Hins vegar verður að skilja kröfu stefnanda í 3. lið á þann veg að forgangsréttur matráðskvænna í mötuneytum eigi einnig að ná til þeirra starfa skólaliða að annast léttar máltíðir fyrir nemendur.

Fram er komið í málinu að sú nýbreytni hefur verið tekin upp í framangreindum þremur skólum að skólaliðar sjá um þessar máltíðir fyrir nemendur og færa nemendum þær inn í bekkina, en þar sem nemendasala hefur verið fyrir hendi í unglingadeildum hafa starfsmenn skóla sinnt þessu starfi. Samkvæmt þessu er ekki fallist á kröfuna. Ekki þykir sýnt fram á í málinu að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið gegn ákvæðum 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og ber að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Með sömu rökum og fram koma um kröfulið 1 og 3 er ekki fallist á að kjarasamningur Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gildi um þau störf er greinir í þessum liðum. Hins vegar ber að fallast á, sbr. niðurstöðu um 2. kröfulið, að umræddur kjarasamningur frá 24. mars 1997 gildi um störf sem fjallað er um í þeim kröfulið.

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið ákvæði laga nr. 80/1938 er þessi stefndi sýknaður af kröfu um greiðslu sektar.

Svo sem að framan greinir lítur dómurinn svo á að kjarasamningur Dagsbrúnar og Framsóknar taki ekki til starfs skólaliða. Ljóst er að fjöldi manna sem eru félagsmenn í umræddum félögum starfa hjá Reykjavíkurborg samkvæmt þessum kjarasamningi. Engin efnisleg rök hafa verið færð fyrir því að fella beri kjarasamning milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar úr gildi í

heild sinni eða að hluta. Ber því að hafna vara- og þrautavarakröfu stefnanda svo og kröfu B. 1.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 15. júlí 1997 um ný störf skólaliða í grunnskólum Reykjavíkur sé gildur og sé ekki brot gegn forgangsréttarákvæði í grein 6.1. í kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 24. mars 1997. Hafnað er kröfu stefnanda um að stefndi Reykjavíkurborg hafi með gerð kjarasamningsins 15. júlí 1997 brotið gegn gr. 6.1. í kjarasamningi 24. mars 1997.

Hafnað er kröfu stefnanda um að félagsmenn Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar hafi forgangsrétt til starfa skólaliða við ræstingar og til að annast léttar máltíðir fyrir nemendur í Engjaskóla, Langholtsskóla og Seljaskóla.

Krafa stefnanda um að stefndi Reykjavíkurborg hafi brotið gegn ákvæðum 3. gr., 4. gr. og 5. gr. laga nr. 80/1938 er ekki tekin til greina.

Ekki er fallist á kröfu stefnanda um að kjarasamningurinn 24. mars 1997 gildi um störf skólaliða við ræstingar og til að annast léttar máltíðir fyrir nemendur í ofangreindum þremur skólum.

Fallist er á að kjarasamningurinn 24. mars 1997 gildi um kaffiumsjón í nefndum þremur skólum.

Stefndi Reykjavíkurborg skal vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi Reykjavíkurborg skal vera sýkn af vara- og þrautavarakröfu stefnanda.

Hafnað er kröfu stefnanda um að kjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 15. júlí

1997 sé ógildur hvað varði störf við ræstingar, kaffiumsjón og störf matráðskvemma í mötuneytum í Engjaskóla, Langholts-skóla og Seljaskóla.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Auðar Þorbergsdóttur og
Gunnars Sæmundssonar.

Ekki er í máli þessu ágreiningur um það, að þegar Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar gerðu með sér hið umdeilda samkomulag um störf skólaliða þann 15. júlí 1997 var í gildi milli stefnanda og Reykjavíkurborgar svohljóðandi forgangsréttarákvæði 6. kafla í samningi milli Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins og Verkamannasambands Íslands frá 24. mars 1997. Gildistími þess samnings er til 15. febrúar árið 2000.

6.1. Forgangsréttur.

6.1.1. Vinnuveitendur skuldbinda sig til þess að láta verkamenn sem eru fullgildir félagsmenn viðkomandi félags hafa forgangsrétt til allrar almennrar verkamannavinnu, þegar þess er krafist og félagsmenn bjóðast, er séu fullkomlega hæfir til þeirrar vinnu sem um er að ræða.

6.1.2. Vinnuveitendur hafa ávallt frjálst val um það hvaða félaga viðkomandi félags þeir taka til vinnu. Nú vill vinnuveitandi ráða til sín mann í vinnu sem ekki er fullgildur félagismaður og skal félagið þá skylt til þess að veita þeim manni inngöngu ef hann sækir um það og það kemur ekki í bága við samþykktir félagsins.

Einnig er óumdeilt að störf við ræstingu, eins og þau hafa verið framkvæmd í skólum Reykjavíkur og eru enn í þeim flestum, eru almenn verkamannvinna í skilningi hins tilvitnaða ákvæðis. Aðila greinir hins vegar á um það hvort sameining þessara starfa við störf sem verið hafa á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar undir starfsheitinu skólaliði hafi leitt af sér breytingu í því efni.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að kaffiumsjón væri enn í höndum félagsmanna stefnanda og er það í samræmi við starfslys-

ingu fyrir skólaliða þar sem hennar er að engu getið. Störf við eldun, framreiðslu á mat fyrir nemendur (störf matráðskvonna) hafa hins vegar verið falin skólaliðum.

Þegar til þess er litið að ræstingarstörf og störf í mötuneytum hafa um áratuga skeið verið sjálfstæð störf og sérstaklega um þau samið í kjarasamningum eru ekki rök til að telja að stjórnunarréttur vinnuveitanda ná til svo róttækrar breytingar á þeim að hann geti einhliða og án tillits til gildandi kjarasamninga og án samráðs við viðsemjendur sína sameinað þau óskildum störfum á þeim tíma sem hann er bundinn af kjarasamningi sem kveður á um forgangsrétt félagsmanna tiltekens stéttarfélags eða félaga til þeirra. Því verður ekki á það fallist að með sameiningu ræstingarstarfa og tiltekinna starfa í mötuneytum í þremur gunnskólum Reykjavíkurborgar og starfa sem eru og hafa verið á samningssviði Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar undir nýju starfsheiti geti stefndi Reykjavíkurborg fellt brott forgangsrétt félagsmanna stefnanda til þeirra. Enda er ljóst að þessi störf verða áfram unnin í skólunum. Framkvæmd þeirra yrði að vísu breytt og þau unnin á öðrum tíma dags en áður en eðli þeirra og inntak breyttist ekki.

Samkvæmt því ber að taka til greina liði A. 1 og A. 3 í dómkröfum stefnanda.

Stefndu hafa lýst því yfir að ekki sé ágreiningur um kröfulið A. 2. Verður hann tekinn til greina.

Með samkomulaginu við Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 15. júlí 1997 hefur stefndi Reykjavíkurborg, sem bundinn var af friðarskyldu, brotið gegn forgangsréttarákvæði gildandi kjarasamnings og ber því einnig að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið A. 4. Um leið er gagnkröfu stefnda, Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, hafnað. Á hinn bóginn verður ekki talið að stefnandi hafi sýnt fram á að stefndi, Reykjavíkurborg, hafi með atferli sínu brotið gegn 3., 4. og 5. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að sýkna hann af kröfu samkvæmt kröfulið A. 5.

Í samræmi við það sem áður er sagt ber að taka til greina kröfu stefnanda samkvæmt kröfulið A. 6 og jafnframt að sýkna hann af viðurkenningarkröfu stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar í gagnsök.

Eins og mál þetta er vaxið þykja ekki efni til að dæma stefnda,

Reykjavíkurborg, til sektargreiðslu samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938 og ber því að sýkna hann af kröfu skv. kröfulið A. 7.

Miðað við þessa niðurstöðu koma varakrafa og þrautavarakrafa stefnanda ekki til álita.

Taka ber til greina kröfu stefnanda á hendur stefnda, Starfsmannfélagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar störf samkvæmt kröfuliðum A. 1., 2. og 3.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Eftirtaldar kröfur stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkavennafélagsins Framsóknar og Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, á hendur stefnda Reykjavíkurborg eru teknar til greina:

Kröfur samkvæmt lið A. 1, 2, 3, 4 og 6.

Stefndi Reykjavíkurborg er sýknaður af kröfum stefnanda samkvæmt liðum A. 5 og 7.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Starfsmannfélagi Reykjavíkurborgar, að því er varðar störf samkvæmt kröfuliðum A. 1, 2 og 3 er tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.
